

SAMÞYKKT

um hundahald í Bláskógabyggð.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um hundahald í Bláskógabyggð og sætir þeim takmörkunum sem getið er í samþykkt þessari. Þéttbýli sem um ræðir í samþykkt þessari eru þau svæði sem eru skilgreind þéttbýli í aðalskipulagi Bláskógabyggðar, þ.e. Laugarás, Laugarvatn og Reykholt.

2. gr.

Stjórnarsýsla.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Bláskógabyggð fer með framkvæmd samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar í umdæmi sveitarfélagsins og getur ráðið sérstaka dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sveitarfélagsins hlutverk eftirlitsaðila.

Eftirlitsaðilar geta leitað til heilbrigðisnefndar, Matvælastofnunar og lögreglu, ef og þegar þörf krefur, t.d. ef hundur er að þeirra mati hættulegur umhverfi sínu, vörsluaðili hunds tálmar starfi þjónustumiðstöðvar skv. samþykkt þessari eða þegar nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna, dýravelferðar eða heilbrigðis- og öryggissjónarmiða, að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja dýr.

3. gr.

Þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar.

Þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar, í samþykkt þessari nefnd þjónustumiðstöðin, annast ut anumhald og umsýslu vegna skráningar hunda í samræmi við samþykkt þessa. Í skrá um hunda í sveitarfélaginu skal skrá upplýsingar um hund s.s. örmerkjanúmer, skráningardag, umráðamann, heimilisfang, ormahreinsanir og afskipti af hundi. Þjónustumiðstöðin sér einnig um fræðslu og upplýsingagjöf til umráðamanna dýra og almennings, þ.m.t. um dýrahald í þéttbýli og þær reglur sem um það gilda hverju sinni.

Þjónustumiðstöðin sér um föngun og vistun hunda í óskilum, móttöku dýra í hremmingum og samskipti við aðrar stofnanir sem hafa með dýravelferð að gera, Matvælastofnun, dýraeigendur, hagsmunasamtök og félagasamtök eftir því sem við á. Þá fer þjónustumiðstöðin eða eftirlitsmaður á vegum sveitarfélagsins með eftirlit með því að samþykkt þessari sé framfylgt.

Þjónustumiðstöðinni er heimilt að semja við þriðja aðila um föngun, móttöku, vistun og ráðstöfun hunds í óskilum.

4. gr.

Aðbúnaður og velferð.

Umráðamönnum hunda ber að sjá til þess að umhirða þeirra sé í samræmi við ákvæði laga um velferð dýra, nr. 55/2013. Einnig ber þeim að fylgja ákvæðum annarra laga, reglugerða og samþykktar sem um gæludýrahald kunna að gilda.

Um almennan aðbúnað og velferð gæludýra sem og um ræktun, verslun, geymslu og leigu hunda gilda ákvæði laga um velferð dýra, nr. 55/2013, og reglugerð um velferð gæludýra, nr. 80/2016. Samkvæmt lögum um

velferð dýra, nr. 55/2013, fer Matvælastofnun með eftirlit og framkvæmd þeirra laga.

II. KAFLI

Skráningarskylda, skyldur umráðamanns og aðrar reglur varðandi hundahald.

5. gr.

Skráningarskylda.

Allir hundar eru skráningarskyldir hjá þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar. Skyld er að sækja um skráningu innan tveggja mánaða frá því að umráðamaður fær hund til umráða. Hvolpa sem vistaðir eru á skráningarstað móður þarf ekki að skrá fram að 16 vikna aldri hvolpanna.

Umsókn um skráningu hunds skal lögð fram hjá þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar ásamt viðeigandi fylgigögnum, sbr. eftirfarandi:

Nafn hunds, aldur, kyn, tegund, litur og önnur einkenni hundsins.

Mynd af hundinum.

Örmerkjanúmer hunds, sbr. ákvæði í reglugerð um velferð gæludýra, nr. 80/2016.

Vottorð frá dýralækni um ormahreinsun hundsins.

Nafn, kennitala og lögheimili umráðamanns og annað það sem skráningarform tekur til.

Umráðamaður skal staðfesta við skráningu að hann uppfylli öll skilyrði fyrir hundahaldi samkvæmt samþykkt þessari, þ.m.t. að ákvæði 7. gr. séu uppfyllt, ef um fjöleignarhús er að ræða.

Þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar er heimilt að hafna beiðni um skráningu hunds ef umsækjandi greiðir ekki skráningargjald eða ef önnur ákvæði samþykktar þessarar eru ekki uppfyllt. Þá er þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar heimilt að hafna beiðni um skráningu hunds ef umsækjandi hefur áður gerst brotlegur við samþykkt um hundahald í sveitarfélaginu eða í öðrum sveitarfélögum. Við meðferð umsóknar um skráningu hunds getur þjónustumiðstöðin leitað umsagnar og upplýsinga hjá lögreglu og öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum og/eða sveitarfélögum. Umsækjandi getur skotið synjun sveitarfélagsins um skráningu hunds til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 65. gr. laga nr. 7/1998.

Skráning tekur einungis til eins ákveðins hunds og gildir á meðan hann lifir, fái hann ekki nýjan umráðamann eða flytji úr sveitarfélaginu. Skráning hunds er bundin við lögráða umráðamann og lögheimili hans.

Skráning hunds er ekki framseljanleg.

Flytji hundur úr sveitarfélagi eða drepist skal umráðamaður afskrá hann. Umráðamanni ber að tilkynna þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar um aðsetursskipti með pósti á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is og skal það gert eins fljótt og kostur er og eigi síðar en tveimur mánuðum frá breytingum. Ef hundur fær nýjan umráðamann skal fyrrum umráðamaður afskrá hundinn hjá þjónustumiðstöðinni.

Hundar í umsjá dýramiðlunar sem samþykkt er af þjónustumiðstöðinni eru undanþegnir skráningar- og eftirlitsgjöldum á meðan unnið er að heimilisleit fyrir þá. Dýramiðlun er starfsemi hvort sem er í sjálfboðavinnu eða í atvinnuskyni sem tekur við og miðlar heimilisláusum dýrum í vistun eða heimili.

Greiða skal skráningargjald og árlegt leyfisgjald skv. 14. gr. samþykktar þessarar, í samræmi við gildandi gjaldskrá.

6. gr.

Meginreglur og skyldur umráðamanns.

Heimilt er að halda hund í Bláskógabyggð að því gefnu að umráðamaður hundsins sé lögráða, hundurinn skráður í hundaskrá þjónustumiðstöðvar Bláskógabyggðar og að uppfyllt séu þau skilyrði sem sett eru í samþykkt þessari, sem og í lögum og reglugerðum sem gilda um dýrahald. Umráðamaður hunds er ábyrgur fyrir umsjá hunds sem er skráður til heimilis á lögheimili viðkomandi umráðamanns.

Umráðamanni ber að tryggja góða meðferð, aðbúnað og umönnun hunds í samræmi við tegund, aldur og eiginleika dýrsins, sbr. 18. gr. reglugerðar um velferð gæludýra, nr. 80/2016.

Umráðamaður skal tryggja eftir fremsta megni að hundur sleppi ekki úr umsjá hans. Strax og umráðamaður verður þess var að hundur hafi sloppið skal hann gera ráðstafanir til að finna hundinn og handsama.

Umráðamaður skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, eða raski ró fólks og dýra. Umráðamaður skal ávallt þrifa upp saur eftir sinn hund innan þéttbýlissvæða sveitarfélagsins. Ef hundur veldur nágrönnum og öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni þá ber umráðamanni hundsins að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Hafí umráðamaður hunds vitneskju eða ástæðu til þess að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur skal hann ávallt hafa hundinn mýldan utan heimilis.

Umráðamaður skal gæta þess að fara ekki með hund í aðstæður sem líklegt er að ógni ró hundsins eða valdi honum vanlíðan, s.s. fjölmennar samkomur og hávaða.

Umráðamanni er skylt að hafa gilda ábyrgðartryggingu vegna hunds vegna þess tjóns sem hundurinn kann að valda þriðja aðila. Ábyrgðartryggingin skal ná til alls tjóns sem hundurinn kann að valda fólki, dýrum, gróðri og munum í eigu annarra en umráðamanns hundsins sjálfs. Bláskógabyggð gerir heildarsamning við tryggingafélag eða -félög um slíka tryggingu sem tekur til allra réttilega skráðra hunda í Bláskógabyggð. Iðgjald skal innfalið í skráningargjaldi og árlegu leyfísgjaldi, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Bláskógabyggð skal upplýsa hundaeigendur um efni hópvátryggingarsamningsins, sbr. ákvæði IX. kafla laga um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Þá skal umráðamaður hunds láta ormahreinsa hund sinn árlega og skal umráðamaður hunds varðveita hreinsunartorð í þrjú ár og framvísa því hjá þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar ef þess er óskað.

7. gr.

Hundahald í fjöleignarhúsum.

Um hundahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994. Áður en hundur sem stendur til að halda í fjöleignarhúsi er skráður ber eiganda að tryggja að hundahaldið sé í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglur viðkomandi húsfélags.

8. gr.

Hundar ekki skráðir í Bláskógabyggð.

Hundar sem ekki eru skráðir í Bláskógabyggð mega dvelja í sveitarfélaginu án skráningar þar, en þó ekki lengur en fjóra mánuði á almanaksári. Ef fyrir liggur að hundur muni dveljast lengur en fjóra mánuði innan lögsagnarumdæmis Bláskógabyggðar skal hundur skráður hjá þjónustumiðstöðinni, sbr. 5. gr. þessarar samþykktar. Um gestkomandi hunda í sveitarfélaginu gilda ákvæði samþykktar þessarar sem og um óskráða hunda.

Um skammtímaheimsóknir hunda í hús gildir ákvörðun eigenda einbýlis- og fjöleignarhúsa hverju sinni og/eða reglur viðkomandi húsfélags auk laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994.

9. gr.

Hundar á lögbýlum og þjónustuhundar.

Hunda á lögbýlum skal skrá og skal umráðamaður þeirra greiða skráningargjald fyrir hvern hund en veitt er undanþága frá árlegu leyfisgjaldi fyrir allt að tveimur hundum á hverju lögbýli. Hundar á lögbýlum mega vera lausir á lögbýlinu og á svæðum utan þéttbýlis með leyfi landeigenda. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði samþykktarinnar um hunda á lögbýlum.

Skrá skal þjónustuhunda sem nýttir eru til atvinnustarfsemi svo sem sérþjálfaða leiðsögu- og hjálparhunda, björgunarhunda, löggæsluhunda og hunda í landbúnaði. Umráðamaður skal greiða skráningargjald fyrir hvern þjónustuhund en veitt er undanþága frá árlegu leyfisgjaldi.

10. gr.

Hundar í óskilum og hættulegir hundar.

Hunda sem ganga lausir á almannafæri er heimilt að handsama og færa í geymslu.

Hafi hundur sloppið frá umráðamanni og hann ekki náð hundinum eða hundur finnst og umráðamaður er ókunnur ber starfsmönnum þjónustumiðstöðvar Bláskógabyggðar eða eftirlitsmanni á vegum sveitarfélagsins að taka við dýrinu og vista. Sé hundur merktur, skal umráðamanni tilkynnt um handsömunina, svo fljótt sem auðið er. Sé handsamaður hundur ómerktur og ekki er kunnugt um umráðamann skal hundurinn talinn hálfvilltur og er sveitarfélaginu þá heimilt að ráðstafa hundinum, selja hann fyrir áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta í samræmi við 24. gr. laga um velferð dýra, nr. 55/2013.

Vitji umráðamaður ekki hunds innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun hans eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa hundinum til nýs umráðamanns, dýramiðlunar, selja hann fyrir áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta í samræmi við 24. gr. laga um velferð dýra, nr. 55/2013.

Hafi óskráður hundur verið handsamaður skal hann ekki afhentur umráðamanni fyrr en hann hefur verið skráður, sbr. 5. gr. þessarar samþykktar og áfallinn kostnaður greiddur samkvæmt gjaldskrá. Heimilt er að taka tillit til þess í gjaldskrá hvort handsamaður hundur sé skráður hjá Bláskógabyggð, sbr. 5. gr. þessarar samþykktar, eða öðru sveitarfélagi. Um áfallinn kostnað vegna handsömunar og/eða vistunar vísast til gjaldskrár hverju sinni.

Teljast hundur vera hættulegur eða hafi hann valdið líkamstjóni, s.s. með biti, getur sveitarfélagið krafist þess að hann verði aflífaður eða honum fundin önnur úrræði.

Samþykki skráður eigandi hunds ekki aflífun eða að honum séu fundin önnur úrræði skal heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um hvort fallist verði á kröfuna. Óski hundeigandi þess getur hann lagt fram álit sérfróðs aðila, dýralæknis eða hundapjálfa sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, áður en ákvörðun um afdrif hunds er tekin. Allur kostnaður af skapgerðarmati og eftir atvikum yfirmati skal greiddur af umráðamanni hunds. Meðan mál hunds eru í skoðun er eiganda skylt að hafa hundinn í samþykktari dýrageymslu. Verði niðurstaða eftir rannsókn sú að aflífa eigi hundinn skal það gert án bóta.

Bannað er að árásarþjálfar hunda nema í löggæsluskyni.

III. KAFLI

Lausaganga, taumskylda og óheimilir staðir.

11. gr.

Taumskylda og sérstakar takmarkanir.

Taumskylda er í þéttbýli í Bláskógabyggð nema annað sé tekið fram og skal virða hana. Óheimilt er að láta hunda vera lausa innan marka þéttbýlis, nema þjónustuhunda sem nýttir eru til atvinnustarfsemi svo sem

sérþjálfaða leiðsögu- og hjálparhunda, björgunarhunda, löggæsluhunda og hunda í landbúnaði, þegar þeir eru að störfum í gæslu umráðamanns.

Után þéttbýlis er heimilt að sleppa hundi lausum undir eftirliti umráðamanns með heimild landeigenda. Sé hundur laus ber að tryggja að hann valdi ekki öðrum ónæði, skapi hættu eða óöryggi og að hundurinn hlýði innkalli. Lausaganga skal alltaf vera undir umsjá eiganda eða einstaklings sem ætla má að hafi vald á hundinum.

Óheimilt er að fara með hunda á útivistarsvæði á skilgreindum varpstöðum fugla innan sveitarfélagsins, fólkvangs eða á friðuðu svæði, á varptíma þeirra frá 1. maí-15. ágúst.

Sé hundur tjóðraður skal hann vera undir eftirliti umráðamanns eða einstaklings sem ætla má að hafi vald á hundinum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð, skal taumurinn ekki vera lengri en svo að komast megi óhindrað framhjá hundi að aðaldyrum húss. Hundur skal ekki vera tjóðraður nema í skamman tíma í senn.

12. gr.

Óheimilir staðir.

Ekki má hleypa hundum inn í húsrými, s.s. sjúkrahús, skóla, leikvelli, íþróttavelli eða þá staði, sem um getur í 43. gr. reglugerðar um hollustuhætti, nr. 903/2024, nema í tilvikum þar sem heilbrigðisnefnd hefur heimilað, sbr. 6. mgr. 43. gr. reglugerðarinnar. Heimilt er að fara með hunda inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir eða snyrtistofur þegar og þar sem starfsemi er sérstaklega ætluð dýrum. Einnig eru hundar heimilaðir í strætó og á þeim veitingastöðum sem við á, sbr. ákvæði sömu greinar.

Óheimilt er að hleypa hundum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, nr. 103/2010, og reglugerð um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn, nr. 405/2004. Víkja má frá fyrirmælum samþykktar þessarar sem banna eða takmarka umferð og dvöl hunda um tiltekna staði þegar um er að ræða þjónustuhunda sem nýttir eru til atvinnustarfsemi svo sem sérþjálfaða leiðsögu- og hjálparhunda, björgunarhunda, löggæsluhunda og hunda í landbúnaði.

13. gr.

Bannaðar hundategundir.

Óheimilt er að halda hund í Bláskógabyggð af tegund sem Matvælastofnun hefur bannað innflutning á sem og blendinga af þeim. Þá er bannað að halda blendinga af úlfum og hundum.

14. gr.

Gjaldtaka.

Fyrir skráningu hunds skal umráðamaður greiða gjöld sem renna til Bláskógabyggðar, annars vegar skráningargjald og hins vegar árlegt leyfisgjald. Allir skráðir hundar skulu vera ábyrgðartryggðir og skal ábyrgðartryggingin vera innifalín í árlegu leyfisgjaldi, sbr. 5. gr. þessarar samþykktar. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði þjónustumiðstöðvar Bláskógabyggðar af veittri þjónustu, framkvæmd eftirlits og annars sem getið er um í samþykkt þessari. Bláskógabyggð setur gjaldskrá samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skráningargjald greiðist við skráningu hvers hunds og árlegt leyfisgjald skal greitt fyrir hvern hund. Kostnaður við handsömun, geymslu og aflifun hunda skal greiddur samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni.

IV. KAFLI

Kæruheimildir, refsiviðurlög og gildistaka.

15. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

Stjórnvaldsáskvarðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar samþykktar, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og reglugerða settra samkvæmt þeim eru kæránlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 65. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

16. gr.

Þvingunarúrræði og afturköllun leyfa.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Bláskógabyggð er heimilt að afturkalla skráningu hunds ef vanhöld verða á tryggingum eða greiðslu leyfisgjalds sem og ef umráðamaður hefur brotið gegn samþykkt þessari. Áður en til afturköllunar á skráningu hunds kemur skal veita umráðamanni andmælarétt.

Ef skráður eigandi eða umráðamaður hunds vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hundahald getur heilbrigðisnefnd Suðurlands bannað viðkomandi að halda hund og látið fjarlægja hundinn. Skráðum eiganda hunds er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

17. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Bláskógabyggð, nr. 849/2010.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 16. mars 2026.

F. h. r.

Kjartan Ingvarsson.

Trausti Ágúst Hermannsson.